

Skólaráð

Skólaráð 15. desember 2016

52. fundur

Fundur settur kl. 8.10

Mætt voru: María Pálmadótti skólastjóri, Sif Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri, Ólöf Kristín Einarsdóttir veik, Hildur Guðmundsdóttir fulltrúi kennara, Ásta Eyjólfsdóttir fulltrúi starfsmanna, Jökull Mar Pétursson fulltrúi foreldra, Heiða Gunnarsdóttir fulltrúi foreldra og Mjöll Flosadóttir í stað fjarveru Kristínar Thoroddsen formanns Foreldrafélags Setbergsskóla og fulltrúa grenndarsamfélags, Eiríkur (9. bekkur) og Þorbjörg Guðmundsdótti (10. bekk).

Efni fundarins:

1. Skólanámskrá
2. Forvarnaráætlun
3. Önnur mál

Skólastjóri setti fundinn og fór yfir dagskrá hans.

Skólanámskrá: Koma þarf fram í skólanámskránni námsmatskvarðinn A B+ B C+ C D. Þarf að vera skýrt hvernig við metum, það er ekki skýrt í skólanámskránni. Verðum að laga þetta. Þ L V – þarf að skýra út hvað þetta þýðir. Enn stendur inni lðnskólinn í Hafnarfirði en ekki Tækniskólinn. Á nokkrum stöðum stendur X margir tímar og námsmatið er X sinnum yfir veturinn (7. 8., 9.). Í 9. bekk var skýrt í námshæfni í íslensku að mat væri að hlusta (skoða vel). Námsmat í íþróttum 7. eða 9. bekk þar sem vísað var á kennara. Skoða námsmatið í íþróttum og hvernig horft er til líkamsþroska. Þarf að laga. A hluti skólanámskrár/starfsáætlun er í vinnslu og er reyndar endurskoðuð hvert ár rétt eins og B hlutinn.

Námsmatið óljósara á yngri stigunum. Er strax orðið skýrara við miðstig.

Í 8. bekk vantaði allt um námsmatið, var eins og það hefði dottið út

Skólaráð

Lítið um valgreinar fyrir 8. bekk.

Í textanum um sögu skólans er ein setning um mötuneytið, þarf að laga og uppfæra.

Skoða hvernig áttir eru notaðar í skólanum og hvort hraunið er sunnan eða norðan við skólann. Í kjölfarið var rætt hvort við ættum að mála á kringluna fyrir framan skólann áttirnar.

Aðalnámskrá er ýmist með litlum eða stórum staf, þarf að samræma.

Ræddum hvernig matið er og að hæfniviðmiðin eru mörg hver huglæg og að við þurfum að leggja okkur fram um samræmi og sameiginlegan skilning.

Veltum fyrir okkur því að hafa í sérkafla það sem er sameiginlegt í öllum árganganámskránum.

Í efnisyfirlitinu kemur á einhverjum stað villa við blaðsíðutali.

Forvarnaráætlun: Kolbrún náms- og starfsráðgjafi fór yfir forvarnaráætlun skólans.

Hún sýndi hvernig við höfum unnið og sagði síðan frá því að áætlunin verði unnin upp á nýtt í samræmi við nýtt form frá skólaskrifstofu. Þar er yfirskriftin önnur en inntakið að mestu leyti það sama. Lýðheilsa bætist inn og við eigum eftir að vinna það sem snýr að henni. Eigum eftir að vinna betur það sem snýr að jákvæðum samskiptum m.a. koma á vinabekkjum. Spurt var hvort aukið hefði verið í fræðslu um netnotkun. Fenginn var fyrirlestur fyrir 5. – 7. bekk og 8. – 10. bekk um örugga netnotkun. Á skipulagsdegi í byrjun vorannar mun náms og starfsráðgjafi fara betur yfir forvarnir með starfsmannahópnum með áherslu á að kynna fyrir nýju starfsfólki og jafnframt starfsmönnum Setursins.

Önnur mál: Ákveðið var að geyma umfjöllun um teymi þangað til síðar.

Fundi slitið kl. 09:30

Fundarritari: Sif Stefánsdóttir